

FUNDARBOÐ

**10. fundur Bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 23. febrúar 2023 og hefst
kl. 17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2302001F - Skipulagsnefnd - 7**
Lögð fram 7. fundargerð skipulagsnefndar.
- 2. 2301009F - Hafnarstjórn (SH) - 2**
Lögð fram 2. fundargerð hafnarstjórnar.
- 3. 2302002F - Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 8**
Lögð fram 8. fundargerð bæjarráðs.

Lóðaumsóknir

- 4. 2005040 - Lóðarumsókn - Nesvegur 12**
Lagðar fram umsóknir Örnú Daggar Hjaltalín, Kristjáns Sveinssonar og Kontiki ehf. um lóðina að Nesvegi 12 í Stykkishólmi. Um er að ræða lóðnaðar- og athafnalóð, skipulagssvæðið er hluti af hafnarvæðinu við Skipavík vestan við Nesvegin.

Bæjarráð vísaði umsóknum til bæjarstjórnar þar sem dregið skal um hver fær lóðinni úthlutað, sbr. gr. 1.1. reglna um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Erindi til kynningar

- 5. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram fundargerð Breiðafjarðarnefndar nr. 210, frá 6. desember 2022. og fundargerð nr. 211, frá 17. janúar 2023.
- 6. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 918. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 27. febrúar sl.
- 7. 2302008 - Bréf til allra sveitarstjórna frá kjörnefnd lánasjóðs sveitarfélaga**
Lagt fram bréf til allra sveitarstjórna vegna aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

8. 2302025 - Drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu

Lögð fram drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu sem liggur nú frammi í samráðsgátt stjórnvalda. Lagt er til að bæjarstjórn feli bæjarstjóra, í samráði við landbúnaðarnefnd, að senda inn umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland telji fulltrúar í landbúnaðarnefnd ástæðu til þess.

9. 2301034 - Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2023-2027 (Earth Check)

Lögð fram til samþykktar framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2023-2027, vegna umhverfissvottunar fjögurra sveitarfélaga á Snæfellsnesi samkvæmt staðli EarthCheck fyrir samfélög.

Á 8. fundi sínum samþykkti bæjarráð framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2023-2027 og lagði til við bæjarstjórn að stafesta hana.

10. 2202005 - Húsnæðisáætlun 2022

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun fyrir árið 2023. Bæjarstjórn samþykkti húsnæðisáætlun fyrir 2023 á 9. fundi sínum og vísaði henni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 8. fundi sínum, húsnæðisáætlun fyrir árið 2023 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

11. 2302009 - Agustson reitur - ósk um skipulagsbreytingu

Lögð er fram ósk Sigurðar Ágústssonar f.h. Svans ehf. dags. 9. febrúar sl. um breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna breytingar á landnotkun Aðalgötu 1, Austurgötu 1 og Austurgötu 2 úr athafnasvæði í verslun og þjónustu. Jafnframt óska lóðarhafar eftir samþykki sveitarfélagsins til þess að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi "Stykkishólmur miðbær -reitur austan Aðalgötu" vegna stækkunar á deiliskipulagssvæði þannig að Aðalgata 1 og Austurgata 1 verði innan skipulagssvæðisins og að heimiluð verði á reitnum uppbygging hótels með tilheyrandi þjónustu og möguleikum á íbúðarhúsnæði.

Á 8. fundi sínum samþykkti bæjarráð erindið og fól skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram, þ.m.t. að útfærslu þess. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar.

12. 1510008 - Deiliskipulag Skipavíkursvæðis

Lögð fram vinnslutillaga fyrir deiliskipulag hafnarsvæðisins við Skipavík.

Á 2. fundi sínum þann 9. febrúar sl., samþykkti hafnarstjórn fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi skipulagsuppdrátt vinnslutillögu fyrir deiliskipulag hafnarsvæðisins við Skipavík, með fyrirvara um jákvæð viðbrögð lóðarhafa Nesvegjar 22a vegna tillögu um færslu á lóð félagsins.

Hafnarstjórn staðfesti jafnframt fyrir sitt leyti að skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og greinargerð með vinnslutillögu deiliskipulags verði uppfærð til samræmis við skipulagsuppdrátt vinnslutillögu deiliskipulagsins og vísaði málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd, sem útfærir vinnslutillöguna nánar, og leggur til við

bæjarstjórn að samþykkja endanlega vinnslutillögu til kynningar í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hafnarlaga nr. 61/2003, 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hafnarstjórn fór fram á að fá tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögunu aftur til afgreiðslu að lokinni auglýsingu.

Skipulagsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti, á 7. fundi sínum, að kynna fyrirbyggjandi vinnslutillögu deiliskipulags hafnarsvæðis við Skipavík í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að uppfæra vinnslutillögu deiliskipulagsins í samræmi við umræður á fundinum og í áframhaldandi samtali við lóðarhafa. Nefndin lagði jafnframt til að fallið yrði frá breytingu á aðalskipulagi þar sem vinnslutillagan er nú í samræmi við gildandi Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022, með fyrirvara um staðfestingu Skipulagsstofnunar vegna bátasýningar Skipavíkur.

Í samræmi við þau áform sem endurspeglast vinnslutillögu er til viðbótar er lögð fram drög að viljayfirlýsingu um skipti á lóðum til samþykktar í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkti, á 8. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar með áorðnum breytingum. Jafnframt samþykkti bæjarráð viljayfirlýsingu vegna skipta á lóðum.

Lagt er til að bæjarstjórn staðfesti afgreiðslur hafnarstjórnar, skipulagsnefndar og bæjarráðs með þeirri breytingu að bæjarráði verði falið fullnaðarumboð til þess að ganga frá og samþykkja viljayfirlýsingu vegna skipta á lóðum, sbr. fyrirbyggjandi drög, þegar minnisblað Landslaga vegna málsins liggur fyrir.

13. 2302026 - Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna

Lögð fram umsókn Mílu ehf. um framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna á Laufásvegi, Aðalgötu, Ægisgötu, Tangagötu, Austurgötu, Smiðjustíg, Víkurgötu, Skúlagötu og Súgandiseyjargötu, sbr. fyrirbyggjandi lagnateikning frá Mílu.

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdarleyfið verði samþykkt með því skilyrði að allur frágangur og jarðrask verði gert í samráði við sveitarfélagið.

14. 2302027 - Samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega ábyrgð og kjarasamningsumboðs

Lögð fram ítrekun frá Samband íslenskra sveitarfélagavegna vegna undirritunar á samkomulagi um sameiginlega ábyrgð og kjarasamningsumboðs, ásamt tillögu sem unnin er af Attentus í samráði við kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á þeim grunni er lögð fram eftirfarandi tillaga fyrir bæjarstjórn til samþykktar í samræmi við fyrirbyggjandi gögn:

Umboð til kjarasamningsgerðar f.h. sveitarfélagsins og stofnana þess er alfarið á forræði bæjarstjórnar. Bæjarstjórn hefur ein heimild til framsals á framangreindu samningsumboði til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer með kjarasamningsgerð f.h. sveitarfélagsins skv. samþykktu umboði.

Bæjarstjórn felur Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem fer með umboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd sveitarfélagsins og stofnana, umboð til kjarasamningsgerðar sveitarfélags og hlutaðeigandi stofnana þess, líkt og verið hefur hjá sveitarfélaginu í heild. Á fyrirbyggjandi samningsumboði sveitarfélagsins eru engar

undanþágur. Þá felur bæjarstjórn bæjarráði fullnaðarumboð til endurskoðunar og ákvörðunartöku á stofnansamningum stofnana sveitarfélagsins.

Að öðru leyti er vísað til fyrirbyggjandi gagna sem bæjarstjórn staðfestir og tekur undir. Bæjarstjóra er falið að ganga frá málinu og rita undir fyrirbyggjandi gögn.

15. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram.

21.02.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.